



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um atriði varðandi grunn- og leikskólastarf

Á fundi borgarráðs, 20. október 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um eftirfarandi atriði sem lúta að leik- og grunnskólastarfi: Hver er þróun námsárangurs og vellíðunar í skólunum og hver er staðan núna? Til stóð að mæla árangur sérkennslu og lagði Flokkur fólksins fram tillögu þess efnis fyrir allöngu. Hefur árangur af sérkennslu verið mældur? Hversu margir starfsmenn leikskóla eru íslenskumælandi? Hversu margir starfsmenn leikskólans uppfylla C2 viðmið evrópska tungumálarammans? Hver er fjöldi menntaðra leikskólakennara núna og hvað vantar marga?

Svar:

Varðandi þróun vellíðunar í skólum

Grunnskólar gera ýmislegt til að fylgjast með líðan nemenda sinna, m.a. eru lagaðar fyrir nemendakannanir Skólapúlsins í mánaðarlegum úrtökum í 2. – 5. bekk og 6. – 10. bekk og skólarnir fá niðurstöðurnar þegar lágmarksfjöldi hefur svarað. Þá hafa kannanir Rannsóknna og greininga um árabíl verið lagðar fyrir 5. – 7. og 8. – 10. bekk og Íslenskar æskulýðsrannsóknir leggja sínar kannanir árlega fyrir nemendur í 6., 8. og 10. bekk, skólarnir fá skýrslur með sínum niðurstöðum og rýna þær til að gera áætlanir um hvernig megi bæta líðan nemenda eða mæta nemendum í áhættuhópi. Undanfarin ár hefur ýmislegt verið gert til þess að tryggja að skólar og félagsmiðstöðvar rýni niðurstöðurnar, m.a. hefur teymi lýðheilsu og forvarna á vegum skrifstofu skóla- og frístundasviðs haldið fundi í hverfum þar sem er farið yfir áhugaverðar niðurstöður en einnig er rætt um hvernig verið er að bregðast við og deila reynslu sinni af þeim aðferðum. Margir skólar hafa farið yfir niðurstöðurnar með foreldrum, sérstaklega ef blikur eru á lofti varðandi líðan nemanda, og síðast en ekki síst á sér stað mikið samtal við nemendur sjálfa. Lífsleiknitímar og bekkjarfundir eru nýttir til að ræða þessi málefni. Þá er iðulega rætt við barnið (og foreldri) um líðan og upplifanir í skólum, tengslamyndanir o.fl. í fyrra foreldraviðtali skólaársins.

Skýrslur með heildarniðurstöðum Íslenskra æskulýðsrannsóknna, Rannsóknna og greiningar og Skólapúlsins fyrir skólaárið 2022-2023 eru birtar á vefsíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/rannsoknir-og-kannanir>

Í Breiðholti hefur verið í gangi tilraunaverkefnið Senter sem er er miðlægt viðbragð lykilstofnana við áhættuhegðun barna og unglinga í Breiðholti. Um er að ræða samstarfsverkefni skóla- og



frístundasviðs, grunnskóla, frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs og íþrótt- og tómstundastarfs í nærumhverfi. Senter er því miðlægt úrræði lykilstofnana sem tekur á bráðamálum og fjölþættum vanda barna í áhættuhópi í hverfinu. Markmiðið er að efla faglegt samstarf lykilstofnana sem vinna með börnum í Breiðholti, stíga inn í bráðamál sem valda verulegu raski í skóla- og frístundastarfi, mæta flóknum og margþættum vanda á fljótan, skilvirkan og faglegan hátt með markvissri faglegri þjónustu og virkja stofnanir hverfisins vegna einstakra barna/hópa. Verkefnið var kynnt á fundi með skólastjórum í borginni 12. júní 2023 og hefur verið kynnt víðar. Frá hausti 2023 verður Senter verkefnið tekið upp hjá hinum þremur miðstöðvunum.

Varðandi þróun námsárangurs í grunnskólum

Fræðslufirvöld í Reykjavík höfðu frumkvæði að því að taka upp lesskimun í 2. bekk árið 2002 til að kanna hversu margir nemendur næðu viðmiðum um að geta lesið sér til gagns, setja viðmið um hvaða nemendur þyrftu á sérkennslu og stuðningi að halda og gefa skólum tækifæri til að fylgjast með stöðu sinna nemenda í lestri ásamt því að gera kennurum og skólum kleift að setja sér markmið um framfarir nemenda með samanagerð við stærri heild. Gefin var út heildarskýrsla um niðurstöður skimunarinnar í borginni allri á hverju ári og hver skóli fékk skýrslu með sínum niðurstöðum. Niðurstöður lesskimunarinnar voru rýndar í skólunum og þar sem þörf var á var gerð áætlun til umbóta ásamt því að gera einstaklingsáætlun í lestri fyrir þá sem þyrftu á því að halda. Vorið 2020 var samþykkt að hætta fyrirlögn lesskimunarinnar Læsis í 2. bekk en taka upp í staðinn lesskimunina Lesmál sem Menntamálastofnun hafði keypt og gefið út á heimsíðu sinni sem hluta af heildstæðu matskerfi í lestri, Lesferli. Unnið hefur verið með niðurstöður Lesmáls á sama hátt og fyrri lesskimun.

Haustið 2003 var ákveðið að innleiða stærðfræðiskimunina Talnalykil til að meta stöðu nemenda í 3. bekk í stærðfræði. Niðurstöður þeirrar skimunar voru nýttar til að móta viðmið um hvaða nemendur þyrftu á sérstökum stuðningi að halda við stærðfræðinámið og þess vænst að niðurstöðurnar nýttust til að móta stefnu fyrir þá nemendur sem voru líklegir til að eiga í erfiðleikum með nám í stærðfræði. Langflestir skólar með 3. bekk tóku þátt í skimuninni og var þátttaka yfirleitt á bilinu 90 – 95% nemenda. Gefin var út heildarskýrsla á hverju ári um niðurstöður skimunarinnar í borginni allri og hver skóli fékk skýrslu með sínum niðurstöðum. Niðurstöður stærðfræðiskimunarinnar voru rýndar í skólunum og þar sem þörf var á gerð áætlun til umbóta ásamt því að gera einstaklingsáætlun í stærðfræði fyrir þá nemendur sem þyrftu á því að halda. Síðasta fyrirlögn stærðfræðiskimunarinnar var haustið 2021 en eftir það var ákveðið að hætta að leggja þá skimun fyrir, m.a. vegna gagnrýni frá kennurum um að sú skimun væri úrelt, fyrirlögn væri tímafrek og gæfi ekki rétta mynd af stöðu nemenda í stærðfræði í samræmi við áherslur aðalnámskrár í greininni. Skóla- og frístundaráð sendi menntamálayfirvöldum tvisvar hvatningu til að taka upp heildstætt matskerfi í stærðfræði sambærilegt við Lesferilinn og er vonast til að slíkt matskerfi líti dagsins ljós innan tíðar því kennarar hafa kallað ítrekað eftir slíku kerfi.

Samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku voru lögð fyrir nemendur í grunnskólum borgarinnar á meðan Menntamálastofnun stóð fyrir fyrirlögn og úrvinnslu prófanna. Niðurstöður prófanna í 4., 7. og 9. eða 10. bekk í grunnskólum borgarinnar voru yfirleitt kynntar fyrir skólayfirvöldum í borginni. Skólastjórnendur og kennarar hvers skóla rýndu sínar niðurstöður til að meta til hvaða ráðstafana og umbóta þyrfti að grípa hverju sinni. Grunnskólar borgarinnar hafa ævinlega verið vel yfir meðallagi landsmeðaltals í samræmdum prófum og sumir skólar í hópi þeirra skóla á landsvísu sem hafa sýnt hvað bestan árangur í þessum prófum.



Þó gögnum sé ekki safnað miðlægt sem stendur er unnið með námsárangur og framfarir í námi í skólunum og í samtali nemenda, foreldra og kennara. Sífelld fleiri skólar hafa tekið upp leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám þar sem samtalið um námsmarkmið og tækifæri til vaxtar er rætt við börnin. Í aðalnámskrá grunnskóla er skýr áhersla á leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám en þar segir í kafla 9.6 sem fjallar um námsmat í grunnskóla: „Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér náminu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Mælingar árangurs af sérkennslu

Í [svari við fyrirspurn, dags. 11. janúar 2023](#), sem lagt var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 20. febrúar 2023, er fjallað ítarlega um þær leiðir sem grunnskólar borgarinnar nýta sér til að meta hvaða nemendur þurfa á sérstökum stuðningi eða sérkennslu að halda í skólastarfinu og hvort og þá hvernig þörfum barnanna sé mætt. Í svarinu er greint frá heildaráætlunum um stoðþjónustu þar sem skólarnir lýsa heildarskipulagi náms og stuðnings fyrir nemendur með sérþarfir og meta árlega stöðu stoðþjónustunnar í skólanum, hvað hefur skilað góðum árangri og megi þróa áfram og hvað þarf að endurskoða. Í svarinu er einnig fjallað ítarlega um úttekt Hrunnar Logadóttur á gæðum starfs með nemendum í grunnskólum borgarinnar sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Í svarinu er jafnframt gerð grein fyrir þeim skimunum sem skóla- og frístundaráð hefur mælt til að allir skólar leggi fyrir nemendur en einnig er að finna lista yfir þau próf eða matstæki sem sérkennarar og aðrir sérfræðingar í skólunum nota til að meta stöðu nemenda í einstökum greinum. Í lok svarsins kemur fram að skrifstofa skóla- og frístundasviðs telji að í grunnskólum borgarinnar sé unnið markvisst og skipulega að því að meta reglulega þörf nemenda fyrir sérkennslu og/eða stuðning í skólastarfinu og hvort þau inngríp sem gripið er til skili tilætluðum árangri.

Tungumálakunnátta starfsmanna leikskóla

Um það bil 1878 af 2071 starfsmönnum leikskóla Reykjavíkurborgar eru íslenskumælandi. Evrópski tungumálaraminn hefur ekki verið notaður með markvissum hætti til að kortleggja tungumálhæfni starfsfólks. Upplýsingar eru um að af þeim 1878 starfsmönnum sem eru íslenskumælandi eru 233 einstaklingar sem tala reiprennandi íslensku þrátt fyrir að íslenska sé ekki þeirra móðurmál.

Leikskólastjórar voru spurðir í spurningavagni í upphafi þessa árs hversu margt starfsfólk leikskólans væri ekki íslenskumælandi. Þegar svör þeirra voru tekin saman kom í ljós að 193 einstaklingar eru ekki íslenskumælandi og eru þeir einstaklingar í um það bil 179 stöðugildum. Þá voru leikskólastjórar spurðir af því hversu margir einstaklingar tali reiprennandi íslensku þrátt fyrir að íslenska sé ekki þeirra móðurmál. Í heild reyndust þetta 233 einstaklingar.

Fjöldi leikskólakennara

Eins og sjá má í yfirliti yfir tölfraði sviðsins var fjöldi starfsfólks í leikskólum 2071 í 1784 stöðugildum (<https://menntastefna.is/gaedastarf/tolfraedi>). Af þeim eru 394 stöðugildi leikskólakennara með leyfisbréf en jafnframt eru margir starfsmenn með aðra uppeldismenntun. Það er alltaf markmiðið að fjölga þeim sem starfa við leikskólana sem eru með viðeigandi menntun. Tekin er staðan á hvernig gengur að ráða starfsfólk nokkrum sinnum á hausti og svo aftur í janúar og má sjá samantektir af þeim stöðutökum í fundargerðum skóla- og frístundaráðs.